



Öryggisblöð (MSDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 1027/2005 og tilskipunum 91/155/EEC og 67/548/EEC.

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **BRENNISTEINSSÝRA 37% (RAFGEYMASÝRA)**

Notkun: Sýra fyrir rafgeyma ofl.

Dreifingaraðili: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Gerð öryggisblaða: EFNAVERND ehf., Breiðagerði 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Útgáfudagsetning: 31.01.2007

Neyðarlínan; sjúkrafreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturfnamíðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
7664-93-9	231-639-5	Brennisteinssýra	25 - 50	C H35

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. Varúðarupplýsingar.

Mjög ætandi. Hvarfast kröftuglega við vatn, basa og afoxunarmiðla með mikilli varmamyndun. Tærir ýmsa málma með myndun á vetni, sem myndað getur sprengifima blöndu með andrúmslofti.



ÆTANDI

4. Skyndihjálp.

Almennt: Leitið lækni ef slys ber að höndum eða ef grunur er um heilsutjón af völdum efnisins og ef lasleikaeinkenni eru viðvarandi. Hafið öryggisblöðin meðferðis og sýnið við komu.

Við innöndun: Tryggið strax hreint loft. Leitið alltaf lækni í vafatilfellum og ef óþægindi eru viðvarandi. Ef slasaði er meðvitundarlaus skal leggja hann í læsta hliðarstillingu og tryggja að öndunarvegir séu opnir.

Snerting við húð: Farið strax úr fötum sem mengast af efninu og þvoiid húðina vandlega með miklu vatni og sápu.

Snerting við augu: Skolið strax vandlega með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Fjarlægjið snertilinsur. Leitið lækni.

Við inntöku: Skolið munn og háls strax og drekkið mikið af vatni. Leitið strax lækni.

5. Viðbrögð við eldsvoða.

Efni/aðferðir: Heppileg slökkviefni eru kolsýra, duft eða vatnsúði. Notið alkohólþolna froðu eða vatnsúða á stærri elda. Notið fullan hlífðarbúnað og fersklöftstæki við slökkvistörf.

Sérstök hættu: -

6. Efnaleki.

Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu og loftræstið vandlega. Notið viðeigandi persónuhlífar við hreinsunarstörf. Látið efnið ekki komast í niðurföll eða vatnsfarvegi. Varist leka í lágt liggjandi rými og kjallara. Þynnið sýruna með miklu vatni.

Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni, t.d. sýrubindandi efni, til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Hlutleysið sýruna.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Hellið aldrei vatni á eða í sýruna. Þegar sýran er þynnt skal hella henni út í vatnið en ekki öfugt. Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við augu og húð. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Farið strax úr fötum sem mengast af efninu.

Geymsla: Geymist í vel lokuðum umbúðum. Geymið ekki með basískum efnum.

8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

Tæknilegar aðgerðir: Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi. Gólf þurfa að vera sýruheld. Greiður aðgangur þarf að vera að vatni og augnskólunartækjum.

Mengunarmörk: Brennisteinssýra: (MG) 1 mg/m³

Persónuhlífar:

Öndunargrímur: Eftir aðstæðum.

Fyrir augu: Vel lokuð öryggisgleraugu.

Fyrir hendur: Vel lokuð öryggisgleraugu.

Fyrir húð: Sýruheldur hlífðarfatnaður.

Hreinlæti við vinnu: Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið við notkun efnisins.

Þvoið hendur áður en matast er eða drukkið og eftir vinnu.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Ástand / útlit / lykt: Vökvi / tær / stingandi

Sýrustig (pH): -

Bræðslumark: - 72°C

Suðumark: 295 - 315°C

Blossamark: -

Sprengimörk; neðri - efri: Efnið er ekki sprengifimt

Eldnærandi eiginleikar: -

Hætta á sjálfíkveikju: Ekki er hætta á sjálfíkveikju

Gufuþrýstingur: 0,01 hPa við 20°C

Seigja: 23 mPas við 20°C

Eðlisþyngd: 1,277 g/sm³ við 20°C

Leysni: Blandast vatni fullkomlega

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

Stöðugleiki: Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.

Aðstæður sem skal forðast: Hvarfast við léttmálma með myndun á vetni. Verkar ætandi á ýmsa málma.

Efni sem skal varast: Basísk efni, sérstaklega hýdroxíð alkalímálma.

Hættuleg niðurbrotsefni: Vetni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

<i>Við innöndun:</i>	Endurtekin eða langvarandi innöndun getur valdið varanlegu heilsutjóni.
<i>Snerting við húð:</i>	Verkar mjög ætandi á húð og slímhúðir.
<i>Snerting við augu:</i>	Mjög ætandi.
<i>Við inntöku:</i>	Mjög ætandi. Hætta á varanlegum skemmdum í munni, vélinda og maga.
<i>Bráð eiturrhif:</i>	-
<i>Langtímaáhrif:</i>	Ekki talið valda ofnæmi.

12. Hættur gagnvart umhverfinu.

<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	Leysist vel í vatni.
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	Getur lækkað sýrustig í vatni og þannig haft skaðleg áhrif á lífverur.
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	Látið efnið ekki komast óblandað/óhlutleyst eða í miklu magni í niðurföll, vatn eða jarðveg þar sem það getur spillt grunnvatni. Jafnvel lítið magn efnisins getur spillt neysluvatni.

13. Förgun.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.

Lög um förgun og meðhöndlun úrgangs:
Lög nr. 55/2003, lög nr. 33/2004.

14. Flutningur.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur: 8	UN-nr.: 2796	Númer og bókstafur: 1b
	Nafn efnis: SULPHURIC ACID		
	Varúðarmerki:	Hættunr.:	Pökkunarflokkur:
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur: 8	UN-nr.: 2796	Pökkunarflokkur: II
	Ems: 8-06	MFAG:	
	Nafn efnis: SULPHURIC ACID		
	Varúðarmerki:	Sjávarmengandi:	nei
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA flokkur: 8	UN-nr.: 2796	Pökkunarflokkur: II
	Nafn efnis: SULPHURIC ACID		
	Varúðarmerki:		

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:



Varuðarmerki: C

Inniheldur: Brennisteinssýru 37% *EB-nr.:* 231-639-5

H - setningar: H35 Mjög ætandi.

V - setningar: V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

V30 Hellið ekki vatni á eða í vöruna.

V45 Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

(V2) GEYMIST Á LÆSTUM STAÐ ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann: 31.01.2007 *Dagsetning frumrits:* 28.02.2002

Breytt þann: - *Breyttir liðir:* -

Gert fyrir: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Unnið af: EFNAVERND ehf., Breiðagerði 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H35 Mjög ætandi.

Annad: Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á þeirri vitneskju sem fyrir liggur um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisleiðbeiningarnar eru gerðar en fela ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum.

Þessi öryggisblöð eru unnin eftir öryggisleiðbeiningum frá OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf. og MSDS frá EPENHUYSEN CHEMIE N.V., 3336 LH Zwijndrecht, Holland.